

## Reglur um skólaakstur í grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

### 1.gr. Gildissvið og orðaskýringar

Um skólaakstur í Hvalfjarðarsveit gilda reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009 með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemenda.

### 2.gr. Ábyrgð

Hvalfjarðarsveit ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi

### 3.gr. Fyrirkomulag – akstursáætlun

Daglegur skólaakstur er í samræmi við útboðslýsingu sem gerð var 2. maí 2019 og er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjórnendur vinna í samræmi við nemendafjölda, kennsluskipan og aðrar þær þarfir nemenda fyrir akstur sem samkomulag er um að uppfylla. Skólastjóri í samvinnu við sveitastjóra leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðu grunnskólanna.

### 4.gr. Um skipulag skólaaksturs

Hvalfjarðarsveit skipuleggur skólaakstur í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum. Sveitarfélag getur í reglum, sbr. 1. mgr. 3. gr., sett almenn viðmið um skipulag skólaaksturs. Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni. Um er að ræða akstur nemenda Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit, til og frá skóla að morgni og aftur heim síðdegis, alla skóladaga. Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri. Í slíku samkomulagi skal kveðið á um heimildir til uppsagnar samkomulagsins. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 40-50 mínútur og skal samningsaðili kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína.

Nemendur eru sóttir og þeim skilað heim í lok skóladags að heimili sínu þar sem afleggjari frá tengivegi er að jafnaði 400 metar eða lengri. Þó skal heimilt að víkja frá þessari meginreglu t.d. vegna landfræðilegra aðstæðna og /eða aðstæðna barna. Slíkt mat er í höndum skólastjóra og sveitarstjóra.

Um er að ræða viðmið sem er háð því að skólabifreið geti með góðu og öruggu móti snúið við á plani/hlaði við heimili nemenda.

Þrátt fyrir umrætt viðmið skulu skólabílstjórar hafa svigrúm til að víkja frá viðmiðinu þannig að öryggi nemenda sé tryggt í hvívetna vegna tiltekinnna aðstæðna sem skapast geta t.d. vegna færðar, veðurs og /eða vinda.

Skólastjóri semur sérstaklega um aukaakstur, s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða, og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærnum aðilum. Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra og/eða fræðslunefndar.

Nemendum stendur til boða að nýta skólabílinn í heimkeyrslu til að stunda tólmstunda- og félagsstörf á Akranesi. Þeir sem vilja nýta þá þjónustu setja sig í samband við skólastjóra og tilgreina vikudaga sem nemendi þarf á því að halda. Það er á ábyrgð forráðamanna að meta hvort þau telji barn sitt vera fært um að nýta þessa þjónustu.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla.

## **5.gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða**

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrir en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðastjóri í samráði við skólastjóra leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur.

Skólastjóri í samráði við Fræðslunefnd metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með fleiri en 25 nemendum með hliðsjón af öryggi, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007 er leyfilegt í hópifreið að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn sem er til staðar í bifreiðinni.

Foreldrar geta óskað eftir að nota bílstól barns síns í skólabifreiðum og hefur skólastjóri milligöngu í þeim málum.

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður.

#### **6.gr. Bifreiðastjóri skólabifreiða**

Bifreiðastjóri skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu umsóknar um starf bifreiðastjóra eða gerð ráðningarsamnings skal liggja fyrir sakavottorð þeirra bílstjóra sem ráðnir eru til að aka bifreiðunum, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að barn eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags.

#### **7.gr. Fatlaðir nemendur**

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundin skólaakstur eiga rétt á ferðabjónustu til og frá skóla, skv. 35.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

#### **7.gr. Um meðferð ágreiningsmála**

Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, frístunda- og menningarfulltrúa eða Fræðslunefnd.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í fræðslunefnd 25. október 2018  
Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fræðslunefnd 19. september 2019

**Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 24. september 2019.**